



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Menningar- og íþróttasvið

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands í skóla- og frístundaráði.

Á fundi skóla- og frístundaráðs 22. maí 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sósíalístaflokks Íslands:

Hver eru rökin fyrir því að ekki er heimilt að nýta frístundastyrk fyrir sumarfrístund? Búið er að skerða leyfilegan viðverutíma í sumarfrístund niður í 8 viðverutíma, sem hefur áhrif á vinnutíma foreldra og þar með möguleika þeirra til að standa undir útgjöldum. Sumarnámskeið kosta þar að auki meira en hefðbundnar frístundir á vetrartíma auk þess sem foreldrar þurfa að sjá um matinn sjálfir. Hvers vegna er ekki hægt að gefa foreldrum kleift að nýta frístundastyrk á sumrin, eða að minnsta kosti nýta hann upp í þessu aukaútgjöld?

Svar

Rannsóknir sem ÍTR hefur aðgang að varðandi aðstæður barna og unglinga í hverfum borgarinnar sýna að félagslegar aðstæður geta verið mjög mismunandi.

Frístundakortinu er að hluta til ætlað að reyna að vegna upp á móti þessu og styrkja félagsfærni barna. Þess vegna var tíu vikna reglan um lengd námskeiða sett. Til að tryggja eftir föngum að iðkendur tengist félagslegu umhverfi yfir ákveðinn lágmarkstíma. Stutt námskeið, jafnvel þó þau innibæru sama tímafjölda, hefðu ekki sömu áhrif. Rannsóknir hafa sýnt fram á að reglubundin þátttaka í skipulegu frístundastarfi er líklegri til að leiða til þess að iðkendur temji sér lífstíl þar sem slík þátttaka væru sjálfsagður og eðlilegur hluti af tilverunni.

Með því að ráðstafa öllu Frístundakortinu á eitt stutt námskeið skerði það möguleika barnsins til að greiða fyrir virka þátttöku í frístundastarfi sem stendur yfir í lengri tíma.

Íþrótt- og tómstundaráð samþykkti árið 2008 einu undanþáguna sem veitt hefur verið frá þessari reglu en hún sneri að sumarbúðum fatlaðra barna í Reykjadal með þeim rökum að framboð frístundastarfs fyrir þennan hóp væri takmarkað og þetta liður í að jafna möguleika á nýtingu Frístundakortsins.

Að lokum má nefna að skóla- og frístundasvið býður börnum upp á niðurgreidd sumarnámskeið í öllum hverfum borgarinnar ásamt því að ÍTR styrkir íþrótt- og æskulýðsfélög vegna sumarnámskeiða þeirra með því að greiða laun ákveðins fjölda starfsmanna á hverjum stað.

Eiríkur Björn Björgvinsson,
sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs.